

Ed.

472: Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. l. 36/1909 og 1. gr. l. 21/1936, sbr. 1. gr. l. 78/1941, orðist svo: Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: Guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild, atvinnudeild og verkfræðideild.

2. gr.

3. málsgr. 1. gr. l. 36/1909 orðist svo: Í laga og hagfræðideildinni eru 3 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

3. gr.

Stofna skal tvö dósentsembætti við heimspekideild Háskóla Íslands í bókmenntum og sögu.

Ákvæði 1. gr. l. nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara, taka ekki til dósentsembætta þeirra, er stofnuð verða samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Í verkfræðideild skulu vera 3 prófessorar.

5. gr.

Upphaf 4. gr. l. 21/1936, um Háskóla Íslands, orðist svo: Rektor og forsetar deildanna 6 eiga sæti í háskólaráði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi,